7. Hlutdrægni útvarpsins.

2 renningar

## Hlutdrægni útvarpsins.

Fyrir nokkrum árum auglýsti útvarpið (útvarpsráðið) ósk sína um það, að útvarpshlustendur létu í ljós vilja sinn um það, hvaða menn þeir vildi helst að léti til sín heyra í útvarpinu og um hvers konar efni, eða m. ö. o. útvarpsráðið virtist ætla að taka upp nýjan sið og fara að nálgast útvarpshlustendur með því að fá menn þá sem oftast til þess að flytja þar erindi er útvarpshlustendurnir sjálfir bentu á og kysi helst að léti til sín heyra, og þá var einnig sjálfsagt að fara eftir óskum hlustendanna um erindaval og efni þeirra.

Útvarpshlustendur margir höfðu þó þegar, er gleðiboðskapur þessi birtist haft einhverja reynslu af ýmsum þeim, er þá skipuðu útvarpsráðið: þeir voru almenningi þekktir nokkuð af öðrum vettvangi, en héldu þó, að heilindi nokkur kynni að felast bak við þessa ítrekuðu ósk útvarpsráðsins og unnu þess, að nú ætlaði það að sýna nokkuð af sér í því, að umbæta erindaflutninginn þar, og valið, með tilliti til þeirra hluta, allt eftir óskum útvarpshlustenda, sem nú létu ekki á sér standa að senda útvarpsráðinu óskir sínar. Þær komu úr öllum áttum og voru mjög á einn veg: Menn tilnefndu og málefnin þau mörg, er útvarpshlustendur fýsti mjög að heyra eitthvað um. Tilmælin um þetta bárust útvarpsráði héðan úr Reykjavík og mörgum sýslum landsins, sameiginlega svo hundruðum skifti, en útvarpsráðið sjálft hafði þá gleymt sínum eigin tilmælum og virtu óskir útvarpshlustendanna vettugi; það fór ekki eftir óskum þeirra og er hér fyrir dæmi - eitt af mörgum - er sýnir þetta:

Kunnur maður, sem oft hafði áður flutt erindi í útvarpið - var jafnvel einn fyrsti sem til sín lét heyra þar - og þótti þar bæði gagnlegur og bera af öðrum að efni og flutningi. Hann talaði um alvarleg málefni er almenning varðaði en hlutlaust með öllu.

Útvarpsráðið fékk tilmæli um það eða jafnvel áskoranir um það frá útvarpshlustendum hér í Reykjavík og úr mörgum sýslum landsins, svo hundruðum skifti að einmitt þessi maður sé meðal þeirra er þeir kjósi helst að heyra sem oftast

flytja erindi í útvarpið og telja það fram, að erindi hans sjeu öðrum betri að efni, fróðleg, skemtandi og vel flutt, málið á þeim sje gott og hlutdrægnislaus meðferð hans á þeim.

Útvarpsráðið kvelur manninn og telur, að ~~[illegible]~~ fá eitt orð, er það telur upp í kverinu, „megi skiljast sem <u>dylgjur</u> um stjórnmál", eða eitthvað á þá leið, sem naumast var hægt að skilja við hvað átti og því síður að hefði við neinn rök að styðjast, enda fell útvarpsráðið frá öllu saman og ljet málið niður falla: Ljet allt fara í sig og hrykkist á sínum eigin hundavaðli.

En þetta sýndi, að klerkurinn, útvarpsráðið, eða einhver meðlimur þess, gekk þarna fram fyrir skjöldu og játaði með þessu framkomu sinni þótt óbeinlínis væri, að það eða hann ætti sökina á því sem flutningsmaður erindisins benti á, að mannkostir skyrpti við, ef satt væri, en sem hann þó fell yfir ekkert um hvort rjett væri eða eigi. Enginn maður var tilnefndur, enginn stjórnmálaflokkur né trúarbragða, en hann ljet ekki lengi á sér standa með að gefa sig fram, sína og áður sagt.

Gagnvart útvarpshlustendum um land allt hefði þetta þó allþýðingarmikil áhrif og afleiðingar: Maðurinn, sem þeir höfðu helst kosið sér og vill efni það er hann hafði að flytja, hafa ekki heyrst frá útvarpssalnum síðan nú í nærri ár. Hann hefir aldrei verið til þess kvaddur að koma þangað aftur flytja þar neitt af því sem útvarpshlustendur óskuðu að heyra. Þetta hefir víst átt að vera einhver hegning á hann en er í raun og veru á útvarpshlustendur alla.

Er nú hægt að segja, að útvarpið eða þeir sem því hafa stjórnað sé hlutlaust?

Hvað sýnir úrtak formanns þess til Jóhannesar Lárusar Sæmundssonar nú nýlega? Lektor einn flytur merkilegt erindi um málefni þar er almenning varðar, einmitt nú í atvinnuleysinu hinu og ætlar að flytja annað erindi um efnið frá 15. þ. m. Form. „ráðsins" bannar þann erindisflutning og til þess að fylla í eyðu dagskrárinnar, sem alla jafnan þykir vera götótt og „þunn", lætur hann koma einhverja „skrallmúsik!"